

<b>Fundarnúmer:</b>	77
<b>Dagsetning:</b>	13.02.2008
<b>Tími:</b>	15:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

77. Fundur.

Miðvikudaginn 13. Febrúar 2008 kl. 16:30 kom menningar- og tómstundaráð saman til 77. fundar í fundarsal Ráðhúss. Mæting samkvæmt undirskriftum.

#### **DAGSKRÁ :**

1. Erindisbréf og hlutverk nefndarinnar.
2. Bréf frá byggðarráði Húnaþings vestra.
3. Ársskýrsla íprótta- og tómstundafulltrúa.
4. Kynning á væntanlegum framkvæmdum og viðhaldi í ípróttamiðstöð.
5. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

1. Farið yfir innihald erindisbréfs menningar- og tómstundaráðs. Einstök atriði erindisbréfsins rædd en nokkrar breytingar hafa orðið á skipan nefndarinnar á síðustu mánuðum og því ástæða til að fara yfir erindisbréfið að nýju.
2. Fram lagt bréf frá byggðarráði þar sem óskað er umsagnar um þá hugmynd að starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Óríon verði flutt á jarðhæð Félagsheimilisins á Hvammstanga. Nefndin tekur jákvætt í hugmyndina og telur að flutningurinn skapi aukin tækifæri fyrir bæði starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra. Nefndin telur mikilvægt að hið fyrsta verði teknar upp viðræður við stjórn Félagsheimilisins á Hvammstanga um það húsrými sem Óríon þarf á að halda og það útbúið þannig að það henti starfseminni.
3. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir árið 2007. Nokkur umræða var um starfsemi félagsmiðstöðvar og ípróttamiðstöðvar, m.a. opnunartíma, aðsókn, þjónustuframboð o.fl. Nefndin þakkar íprótta- og tómstundafulltrúa greinargóða skýrslu.
4. Íprótta- og tómstundafulltrúi kynnti væntanlegar framkvæmdir og viðhaldsaðgerðir í ípróttamiðstöð þ.e. það sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2008.
5. Önnur mál eru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:25.

Sæunn Sigvaldadóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir(sign.), Sveinn Benónýsson(sign.),  
Pétur Arnarsson(sign.), Már Hermannsson(sign.),  
Sigrún Þórðardóttir(sign.).